

Snæfellsbær
Snæfellsási 2
360 Snæfellsbær



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 25. maí 2016

UST201604-124/S.S.

10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi - hesthúsasvæði í Fossárdal

Umhverfisstofnun vísar til erindis bæjarstjórnar Snæfellsbæjar er barst 19. apríl sl. og varðaði beiðni um umsögn Umhverfisstofnunar vegna breytinga á deiliskipulagstillögu fyrir hesthúsasvæði í Fossárdal við Ólafsvík.

Tillaga að deiliskipulagi

Samkvæmt ofangreindri tillögu að deiliskipulagi hafði áður verið gert deiliskipulag fyrir hesthúsasvæði eða tómstundabúskap á svæðinu sem aldrei tók gildi, hér er því um nýtt deiliskipulag að ræða. Í aðalskipulagi er svæðið skilgreint fyrir frístundabúskap í Fossárdal. Markmið bæjaryfirvalda er að stuðla að áframhaldandi uppbyggingu á svæðinu vegna hestamennsku. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 8 lóðum fyrir hesthús eða tómstundabúskap. Auk þeirra er nú bætt við lóð og byggingarreit fyrir reiðskemmu. Bæjaryfirvöld Snæfellsbæjar leggja áherslu á snyrtimennsku á svæðinu þar sem hætta er á lyktarmengun ef illa er staðið að hreinsun. Lagt er til að gengið verði frá lokuðum hauggánum við ný hús eða haugstæði með dreni og að seinna verði gengið frá haugaðstöðu á svipaðan hátt við önnur hús. Gert er ráð fyrir strangari reglum um umgengni en gert er ráð fyrir í reglugerðum vegna nálægðar við matvælaframleiðslu. Ekki er um matsskyldar framkvæmdir að ræða á deiliskipulagssvæðinu. Umhverfisáhrif eru staðbundin en ekki er um umtalsverð áhrif fyrir samfélagið að ræða.

Umsögn

Samkvæmt tillögu að deiliskipulagi er hér hvorki um að ræða vistkerfi né jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Markmið náttúruverndarlaga eru margbætt og koma fram í 1. - 3. gr laganna. Í XII. kafla laganna er fjallað um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira. Umhverfisstofnun bendir á aðgæsluskyldu skv. 6. gr. náttúruverndarlaga, og skal því forðast allt óþarfa rask við framkvæmdir.

Að því gefnu að skilyrði fyrرنefndra laga verði virt gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir ofangreinda tillögu að deiliskipulagi.

Sigríður Skaftadóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur